



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnu Tannlæknafélags Íslands
„Tóbak og tannheilsa“
Reykjavík 22. janúar 1999**

Heiðruðu ráðstefnugestir.

Margt í menningu okkar, atvinnuháttum, samfélagsskipan, vísindum og tækni felur í sér áminningu um að megin forsenda framfara á þessari öld – og reyndar einnig á fyrri tíð – sé að maðurinn er skynsemisvera.

Við tökum mið af rannsóknum, lærum af reynslunni, höfum í huga sannleika málsháttarins að brennt barn forðist eldinn.

Í umhverfi okkar er urmull vísbendinga um að skynsemin sé áreiðanlegur vegvísir, að rökhyggjan sé vænlegra veganesti en hleypidómar eða hagsmunabundin vanaskoðun.

Vísindin efla alla dáð er kjörorð háskólastarfsins og oft á ári fögnum við framförum í rannsóknum og tækni sem stuðla að betri heilsu, lækningu sjúkdóma, lífsbjörg fyrir fjölda einstaklinga um heim allan, þúsundir, jafnvel milljónir manna.

Hvernig stendur þá á því að í þessum gróðursæla ræktunargarði skynsemin, vísinda og rökhyggju skuli reykingar, afleiðingar tóbaksnotkunar á unga og aldraða, áhrif þeirra á börn í móðurkviði, aukna eiturfjaneyslu unglinga og útbreiðslu krabbameins og hjartasjúkdóma vera nánast vernduð fyrir herskárri gagnrýni og fordæmingu? Hvernig stendur á því að þessi útbreidda dauðaorsök og mikli sjúkdómavaldur fær slíkan frið til að iðka sín skemmdarverk?

Hver yrðu viðbrögð fjölmiðla, stjórnvalda, almennings, ef fullskipuð Flugleiðapota á leið til Kaupmannahafnar færir núna í febrúar og síðan

önnur fullskipuð þota í lok nóvember; tvær þotur á tæpu ári færust á leiðinni Reykjavík – Kaupmannahöfn?

Við vitum öll að viðbrögðin yrðu stórfréttir í öllum fjölmiðlum heims, ítarlegar rannsóknir færustu sérfræðinga, skýrslur og jafnvel málaferli og dómsúrskurðir ef um vísvitandi skemmdarverk væri að ræða.

Og hvað yrði sagt og gert, aðhafst og ákveðið ef síðan í febrúar á næsta ári færist nú þriðja þotan og síðan hin fjórða í júní, þá sú fimmta og sjötta árið 2001. Alls hefðu um sex fullskipaðar Flugleiðaþotur farist á leiðinni Reykjavík – Kaupmannahöfn á þremur árum og um 1000 Íslendingar týnt lífinu á slíku ferðalagi. Það væri fróðlegur hugarleikur fyrir okkur öll að lýsa viðbrögðum sérfræðinga, fjölmiðla, stjórnvalda, viðskiptalífs og annarra við slíkri atburðarás.

Sjálfsagt mætti segja í léttum dúr að örugglega myndu nú ýmsir hætta við að fljúga til Kaupmannahafnar og kjósa frekar að halda til Glasgow eða Osló; og líklega finnst einhverjum að forsetinn eigi nú ekki að vera að leika sér með svona hryllingssögur í upphafi virðulegrar ráðstefnu – en réttlætning mín er sú viðleitni að vekja til umhugsunar um fórnardauða reykinganna í okkar litla samfélagi. Það er mikill fjöldi dauðsfallanna – rúmlega 3000 manns á áratug – og síðan áfram ár af ári, áratug eftir áratug, sem héraendis má rekja beint til reykinga og eru þá ótaldir ýmsir sjúkdómar og veikindi sem með ýmsum hætti eiga rætur í reykingunum.

Vissulega eru margar ástæður sem valda því að hin hættulega tóbaksneysla býr við skjól í almennri umfjöllun, að varnaðarorðin drukkna í fjölmiðlafárinu og lífsstílstískunni sem jafnvel á stundum hefur gert reykingar að lofsverðum stæl.

Samfélag okkar heldur áfram að storka niðurstöðum vísindanna, ala á óhollustu, veita sjúkdómum brautargengi, bjóða heim hættunni á að margir veikist viljandi af krabbameini eða hjartasjúkdómum; tefli sjálfru lífinu í tvísýnu.

Reykingar eru sannarlega meðal helstu sjúkdómsvalda samtímans. Á undanförunum áratugum hafa milljónir manna um heim allan látist af þeirra völdum og við Íslendingar eigum okkar hlut í því mikla mannfalli.

Það er því mikil þörf á víðtækri umræðu og fræðslu um hættunarnar sem fylgja reykingum. Ekki aðeins þeim sjálfum heldur einnig hvernig reykingar unglinga stórauka líkurnar á því að þeir verði fljótlega fórnarlömb fikniefna og hættulegra eiturlyfja.

Við Guðrún Katrín fylgdumst með því í Seattle á liðnu sumri hve öflug umræðan um tóbaksvarnir er í Bandaríkjunum; hvernig baráttan er háð í þjóðþingum, í borgum, bæjum og byggðarlögum, í skólum og fjölmiðlum, á vísindaráðstefnum og málþingum. Við ræddum oft um að vonandi yrði hliðstæð vakning á Íslandi.

Guðrún Katrín var reyndar mikil baráttukona gegn reykingum og það var hennar ákvörðun að gera Bessastaði reyklausa – í fyrsta sinn í árhundruðasögu þess höfuðbóls.

Margir töldu í upphafi að slík friðun Bessastaða væri óframkvæmanleg; slík væri tenging reykinga og veitinga í hugum fólks og siðvenju. En reynslan hefur sýnt að framkvæmdin hefur gengið með ágætum og nær allir tekið þessari ákvörðun vel.

Við Guðrún Katrín vorum sannfærð um það í samræðum okkar á liðnu sumri að lækna gætu gegnt lykilhlutverki í baráttunni gegn reykingum, að slíkt forvarnarstarf væri í raun í samræmi við helgar skyldur lækna: að forða heilbrigðum frá sjúkdómum og hvetja til öflugrar atlögu gegn banvænum faraldri.

Þess vegna fagna ég sérstaklega frumkvæði Tannlæknafélags Íslands að efna nú til ráðstefnu um tóbak og tannheilsu. Slíkur umræðuvettvangur er veigamikil framlag til að auka skilning á samhenginu milli reykinga og sjúkdóma, tóbaksneyslu og slæms útlits. Vonandi verður framtak Tannlæknafélagsins til þess að önnur samtök lækna og heilbrigðisstétta láti meira að sér kveða á þessu sviði.

Íslendingar sýndu fyrr á öldinni hvaða árangri var hægt að ná í baráttunni gegn berklum sem áður fyrr orsökuðu dauða þúsunda landsmanna. Samvinna lækna og áhugafólks hefur einnig á síðari árum skilað verulegum árangri í glímuni við hjartasjúkdóma. Þar hefur fræðsla og stöðug umfjöllun með lækna og heilbrigðisstettir í fararbroddi breytt lífsstíl fjölda fólks, aukið lífslíkur og reyndar að auki dregið verulega úr kostnaði heilbrigðiskerfisins.

Sams konar vakning þarf að verða gagnvart reykingum, helsta sjúkdómavaldi samtímans, sem árlega leggur að velli hundruð Íslendinga og milljónir manna um heim allan.

Ég þakka Tannlækafélagi Íslands fyrir lofsvert framlag og óska ykkur allra heilla í mikilvægu starfi.

